AUGLÝSING

um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til kolmunnaveiða o. fl.

Hinn 9. mars 1984 var undirrituð í Reykjavík bókun um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til kolmunnaveiða o. fl. Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. mars 1984.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um gagnkvæmar heimildir til kolmunnaveiða o. fl.

Dagana 11. og 12. janúar og 8. og 9. mars 1984 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um gagnkvæman rétt til fiskveiða og varð niðurstaðan sú að veita gagnkvæmar heimildir til veiða á 30 þúsund lestum af kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands og fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1984. Heimilt er að vinna aflann um borð. Af leyfilegum afla íslenskra skipa í fiskveiðilögsögu Færeyja er heimilt að veiða allt að 5000 lestir makríls í stað sama magns kolumunna.

Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun fylgt því fyrirkomulagi og reglum sem ákveðnar voru í niðurstöðum viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru 10. janúar 1979.

Reykjavík, 9. mars 1984.

Staðfest:

Geir Hallgrímsson
Halldór Ásgrímsson

PROTOKOLL

um sínamillum rættindi til svartkjaftaveiðu v.m.

Í dögunum 11. og 12. januar og 8. og 9. mars 1984 fóru samráðingar fram í Reykjavík millum umboð fyri Ríkisstjórn Íslands og Föroya Landsstýri um sínamillum fiskiveiðurættindi og varð niðurstöðan at veita sínamillum rættindi at veiða 30.000 tons af svartkjafti innan búskaparöki Íslands og sjóöki Föroya í árinum 1984. Loyvt er at viðgera veiðina umborð. Av loyvdu veiðinögdini hjá íslendskum skipum á föroyskum sjóöki er loyvt at veiða upp til 5.000 tons av makreli í staðin fyri somu nögd av svartkjafti.

Um nærri fyriskipanir fyri hesa veiðu verður samband millum íslendska fiskimálaráðið og Föroya Landsstýri. Í aðrar mátar verður fylgt teimum fyriskipanum og reglum, sum vórðu ásettar í samráðingum um sínamillum fiskiveiðurættindi íslendinga og föroyinga, sum undirritaðar vórðu 10. januar 1979.

Reykjavík, 9. mars 1984.

Staðfest:

Pauli Ellefsen
Arnfinn Karlsberg